

# LANDSMÓT ÆSKULÝÐSFÉLAGA KIRKJUNNAR

Selfossi 28.- 30.október

金の心

*Styðjum börn sem misstu foreldra í jarðskjálftunum í Japan*

*"Og ég mun gef þeim nýtt hjarta og leggja þeim nýjan anda í brjóst"*  
(Esk, 11:19)

Kæru leiðtogar!

Nú líður að landsmóti og er það von okkar að sem flest félög sjái sér fært að mæta og taka þátt í frábærri dagskrá.

Mótið í ár verður góðgerðarmót þar sem við beinum sjónum okkar til barna í Japan sem eiga um sárt að binda eftir hinar miklu náttúruhamfarir í landinu fyrr á árinu. Um 1200 börn og unglingar yngri en 20 ára misstu foreldra sína í skjálftunum og flóðunum sem fylgdu á eftir. Mörg þessarra barna þjást af áfalla-streituröskun og hafa geðlæknar bent á að besta leiðin til bata sé að gefa börnunum kost á að dvelja í áhyggjulausu umhverfi þar sem þau fá notið sín í leik og starfi. Við höfum ákveðið að láta afrakstur þess sem safnast á mótinu renna til hjálparsamtaka í Japan sem nefnast „**Hearts of Gold**”. Samtökin hafa það að markmiði að gera líf þessara barna bærilegra m.a með því að gera þeim kleift að sækja skólaferðalög, sumarbúðir og fleira. Toshiki Toma, prestur innflytjenda og Hjálparstarf kirkjunnar halda utan um söfnunina með okkur.

Dagskrá mótsins verður góð blanda af helgihaldi, leik, söng og fræðslu. Sameiginleg fræðsla á laugardagsmorgninum er í höndum Sigurvins Jónssonar æskulýðsprests í Neskirkju og Toshiki Toma prests innflytjenda. Eftir fræðsluna tekur við hópastarf og meðal þess sem í boði verður er: Japönsk tíska, Kristileg tónlist, Sævar Poetrix, Karate, Björgunarsveit, Breytendur, Sushi, Kökuskreytingar, Dans, Manga, Origami, Leikjahópur, Quidditch, íþróttir og fl. Kvöldvökur og helgistundir verða auðvitað á sínum stað svo ekki sé minnst á búningaballið þar sem **Ingó Veðurguð, Stuðlabandið** og **Dj Búni** halda upp stemmningunni.

Í ár efnum við til **búningakeppni og skemmtiatriðakeppni**. Veitt verða þrenn verðlaun í hvorum flokki fyrir sig. Þemað á búningaballinu er rautt, sem minnir okkur á Japan.

**Þátttökugjöldin** í ár eru **15.900 kr.** fyrir aðildarfélög og félög utan aðildar ÆSKP. Innfalið í því eru rútuferðir til og frá mótsstað, gisting, matur, dagskrá, ball og fl.

Í ár opnum við landsmótið fyrir **öllum** unglingum í æskulýðsstarfi kirkjunnar, einnig **8.bekkjum af höfuðborgarsvæðinu sem og af landsbyggðinni.**

## **Rafrænt skráningarkerfi**

Í ár mun **öllum** skráning hópa á landsmót fara fram í gegnum glænýtt rafrænt skráningarkerfi ÆSKÞ. Skráningarkerfið er einfalt og þægilegt í notkun þar sem leiðtogar geta skráð sinn hóp á landsmót hratt og örugglega. Inni á skráningarsíðunni má finna leiðbeiningar um skráningarferlið. Opnað verður fyrir skráningu 12.september næstkomandi á vefslóðinni: <http://skraning.aeskth.is>

Sigríður Rún Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri sambandsins heldur utan um skráningar á landsmót. Allar spurningar varðandi skráningu skulu berast til hennar á netfangið: [skraning@aesktth.is](mailto:skraning@aesktth.is) eða í síma: 661 - 8485.

## **Síðasti skráningardagur er föstudagurinn 7. október**

**Staðfestingargjaldið sem er 5000 kr.** skal greiða inn á reikning ÆSKÞ eigi síðar en föstudaginn 7. október. *Fullnaðargreiðsla þarf að hafa borist fyrir 28.október nema um annað sé samið við Sigríði Rún framkvæmdastjóra ÆSKÞ.*

Vinsamlega leggið inn á reikning ÆSKÞ: 0319-26-5016, kt.500206-0200.

**Takið fram í skýringu: Landsmót, nafn félags og kirkju og sendið staðfestingu í tölvupósti á: [skraning@aesktth.is](mailto:skraning@aesktth.is).** Athugið að gefa börnum á mótinu ekki upp þetta reikningsnúmer. Greiðslur frá hverjum hóp þurfa að berast í einu lagi.

### **Athugið:**

Stjórn ÆSKÞ hefur samþykkt eftirfarandi skilyrði vegna landsmóts.

- Til þess að rúta leggi af stað úr prófastsdæmi þarf a.m.k. 15 manns.
- Lágmark 2 leiðtogar, 18 ára eða eldri, eiga að fylgja hverjum hóp og hafa þeir skyldum og hlutverki að gegna á mótinu samkvæmt skipulagi mótstjóra.
- Fyrir hverjar 7 þátttakendur á mótinu þarf 1 leiðtogar. Þannig þarf 18 manna hópur að hafa þrjá leiðtoga, 25 manna hópur þarf 4 leiðtoga o.sv.frv.
- Ekki er tekin ábyrgð á farangri eða öðrum verðmætum þátttakenda á mótinu eða í ferðum til og frá mótsstað.

### **Heimasíða ÆSKÞ – [www.aeskth.is](http://www.aeskth.is)**

Á næstunni munu birtast reglulegar fréttir af landsmótsmálum á heimasíðu ÆSKÞ svo það borgar sig að fylgjast með. Einnig munum við birta þar skemmtileg myndbönd þar sem rætt er við allann þann fjölda af tónlistarfólki, unglíngum og öðrum snillingum sem koma að mótinu í ár.

Netfang hjá Raket Brynjólfssdóttur landsmótsstjóra er : [landsmot@aesktth.is](mailto:landsmot@aesktth.is)

Með tilhlökkunar- og kærleikskveðjum,  
Landsmótsnefnd ÆSKÞ.